

Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR - 6. maí 2005

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd 6. maí 2005 kl. 21,00 að Hvammi í Langadal.
Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá.

1. Reikningar.
2. Girðingar.
3. Heysala.
4. Álagning fjallskila.
5. Fyrirkomulag gangna.

Formaður, Gauti Jónsson setti fund og tók fyrir fyrsta mál.

Afgreiðsla:

1. Reikningar. Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2004 skilar fjallskilasjóður rekstrarafgangi sem nemur kr. 14,371-.
2. Girðingar. Nokkrar umræður urðu um girðingarmál í sveitarfélaginu og samþykkti fundurinn eftirfarandi tillögu:
“Landbúnaðarnefnd minnir á fyrri bókanir varðandi viðhald girðinga með vegum hér í sveitarfélaginu. Nefndin beinir þeim tilmælum til bæjarstjórnar að landeigendur verði minntir á þær skyldur að halda við girðingum með vegum svo þær séu fjárheldar. Sé þessu viðhaldi ekki sinnt af landeigendum er það álit landbúnaðarnefndar að sveitarfélaginu beri að annast þetta viðhald og kostnaður greiðist samkvæmt girðingarlögum, verði viðhaldi þessu lokið áður en fé er sleppt. Það ástand sem verið hefur varðandi lausagöngu búfjár á vegum í sveitarfélaginu er með öllu óþolandi að mati nefndarinnar”. Nefndin minnir á að fyrst hafi verið gerð tillaga um þessi málefni 19. júní 2003 og aftur 21. júní 2004 en lítið hefur áunnist í þessu máli.
3. Heysala. Fram kom á fundinum að selt var hey frá Hvammi í Langadal til Sturluhóls, að fengnu leyfi frá héraðsdýralækni og fulltrúum í landbúnaðarnefnd sem haft var samband við símleiðis.
4. Álagning fjallskila. Nokkrar umræður urðu um álagningu og tekjustofna til fjallskila. Nánar verður ályktað um það á næsta fundi.
5. Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag gangna og nánari umfjöllun um það verður tekin fyrir á næsta fundi.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt,
Fundi slitið kl. 22,45.

Jakobína Halldórsdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Gauti Jónsson